


IÐJUBJÁLFINN



1. TBL. • 19. ÁRGANGUR • JÚNÍ 1997

**FAGBLAÐ IÐJUBJÁLFA
PÓSTHÓLF 4159 • 124 REYKJAVÍK**

IÐJUPJÁLFINN

FAGBLAÐ IÐJUPJÁLFA

Pósthólf 4159

124 Reykjavík



Efnisyfirlit:

	Bls.
Mikið vatn runnið til sjávar	
– Viðtal við formann IPI	3
Iðjupjálfun í leikskólum	8
Sauðárkróks-bæjar-iðjupjálfi	10
Starf iðjupjálfa í öldrunarteymi	11
Námsbraut í iðjupjálfun	
– Draumur eða veruleiki?	16
Nýr möguleiki til framhaldsnáms	
fyrir iðjupjálfa	19
Iðjupjálfun í heilsugæslu	20
Fountain House fréttir	23

RITNEFND:

Anna Ingileif Erlendsdóttir

Auður Hafsteinsdóttir

Sigríður Kr. Gísladóttir

Soffía Haraldsdóttir

Þóra Leósdóttir

STJÓRN:

Hope Knútsson, formaður

Sigríður Kr. Gísladóttir, varaformaður

Guðrún Kr. Guðfinnsdóttir, gjaldkeri

Elsa Þorvaldsdóttir, ritari

Lovísa Ólafsdóttir, meðstjórnandi

PRENTUN:

Offsetjölritun hf. / Sverrir Sveinsson (umbrot)

Mjólnisholti 14, 105 Reykjavík

Ritstjórnarspjall

„Iðjupjálfinn“ er eins og vorboðinn ljúfi, hann kemur alltaf á endanum. Hér lítur fyrra tölublað ársins dagsins ljós. Efni blaðsins tekur til ýmissa mála og er gott til þess að vita hve iðjupjálfar eru viljugir til að skrifa spennandi og fræðandi greinar í blaðið okkar.

Ánægjulegt er hversu margir iðjupjálfa-nemar hafa haft samband og óskað eftir því að gerast áskrifendur. Það eru tímamót í sögu iðjupjálfunar á Íslandi um þessar mundir þar eð stofnun námsbrautar er í sjónmáli. Umfjöllun þar um er meðal efnis að þessu sinni. Manna-breytingar hafa orðið í ritnefnd IPI eins og venja er að loknum aðalfundi. Sigríður Kr. Gísladóttir hættir í nefndinni eftir ötult starf á liðnum misserum. Við þökkum henni kærlega fyrir samstarfið og hæfileikann til að halda yfirsýn á ögurstund. Við þökkum einnig öllum auglýsendum fyrir jákvæð viðbrögð og þeim sem birt hafa styrktarlínur í Iðjupjálfanum að þessu sinni, fyrir þeirra framlag.

Ritnefnd óskar öllum lesendum sínum gleðilegs sumars.

Bestu kveðjur, – ritnefnd

Iðjupjálfi óskast til starfa

Á Greiningar og ráðgjafarstöð ríkisins er staða iðjupjálfa laus til umsóknar frá og með 5. ágúst. Um er að ræða 50% starf með möguleika á hærri starfshlutfalli síðar.

Starfið felur í sér fjölbreytt viðfangsefni sem meðal annars byggjast á þverfaglegri teymisvinnu vegna hreyfihamlaðra barna. Það samanstendur af greiningu, þjálfun og ráðgjöf, auk þátttöku í uppbyggingu á þjónustu fyrir hreyfihömluð börn og ungmenni hér á landi. Reynsla í starfi eða sérmenntun á þessu sviði er æskileg.

Greiningar- og ráðgjafarstöð ríkisins er í fararbroddi hvað snertir þekkingu á fötunum og þjónustupörf fatlaðra barna og ungmenna. Þar starfa 33 fagmenn sem eru sérfræðingar á ýmsum sviðum. Höfuðáherla er lögð á þverfaglega teymisvinnu. Um þessar mundir stendur yfir endurskipulagning á starfsemi stöðvarinnar, með það að markmiði að auka gæði þjónustu við fötluð börn, fjölskyldur þeirra og fagmenn sem þeim tengjast.

**Nánari upplýsingar veita Stefán Hreiðarsson forstöðumaður,
Snæfríður Þóra Egilson og Þóra Leósdóttir iðjupjálfi**

Þel -gærupokar í hjólastóla



Höfum hafið framleiðslu á þessum frábæru Þel-gærupokum í hjólastóla.

Þrjár stærðir: S M L

Sérsum ef óskað er

Tryggingastofnun ríkisins hefur tekið þátt í kaupunum fyrir fatlaða.

Saumastofan Þel

Strandgötu 11 • 600 Akureyri

Sími 462 6788 • 853 5829



Mikið vatn runnið til sjávar

Viðtal við Hope Knútsson, formann IPÍ

Iðjubjálfafélag Íslands varð tuttugu ára á síðasta ári. Við tókum formanninn tali og litum yfir farinn veg. Hope Knútsson kemur frá Bandaríkjunum og hefur verið formaður IPÍ frá stofnun þess. Hún er fædd árið 1943 og sleit barnsskónum í Brooklyn í New York. Hope á ættir sínar að rekja til Rússlands, Ungverjalands, Þýskalands og Póllands. Hún er með B.A. í heimspeki og sálarfræði en lauk Masters námi í iðjubjálfun frá Columbia University árið 1967.

Ævintýrakona

Hope fékk þá hugdettu að prófa að búa á Íslandi eftir að hafa ferðast um Evrópu. Þetta var á þeim tíma sem hippamenningin var í algleymingi og stríð hafði geisad í Víetnam.

– Ég hafði starfað í átta ár sem iðjubjálfi, í heimalandi mínu áður en ég fluttist hingað. Á þessum árum var ég róttækur aðgerðasinni. Þetta var á sjöunda áratugnum og tilheyrði ég þeim hópi í Bandaríkjunum sem var á móti Víetnamstríðinu og kjarnorkuverum. Ég mótmælti því sem hægt var að mótmæla á þessum árum. Það var einnig liður í því að vera sjálfstæður kvenmaður að fara til annara landa og Evrópa var eftir-



Hope Knútsson, formaður IPÍ.

sóknarverð að mörgu leyti. Ég lagði land undir fót með gítar um öxl og flaug, með Loftleiðum. Fyrsta millilending var á Íslandi. Hér var meira „sósíalistískt lýðræði“ en í Bandaríkjunum og ég var hrifin af því félags- og heilbrigðiskerfi sem hér ríkti. Það skipti einnig miklu máli fyrir mig að skattpeningar voru ekki notaðir í hernað, hér var engin mengun og glæpir fátíðir.

Eftir að ég var búin að ferðast á meginlandi Evrópu og komin heim aftur, datt mér í hug að skrifa bréf til heilbrigðismálaráðuneytisins þar sem ég spurði hvort vantaði iðjupjálfa til starfa á Íslandi. Ég fékk bréf um hæl, það var eins og maður segir „Booming back across the Atlantic“ það vantaði a.m.k. 100 iðjupjálfa! Ég var hvött til að koma, vera brautryðjandi og aðstoða við að setja á stofn skóla til að mennta íslenska iðjupjálfa. Mér fannst þetta mjög spennandi og hafði í huga að búa hér í 1-2 ár. Ég fór þá að „hanga“ á Loftleiðaskrifstofunni á Kennedy flugvelli og grátbað starfsfólk þar um að kenna mér íslensku því að ég ætlaði að flytja til Íslands. Fjölskylda mín og vinir héldu að ég væri endanlega búin að missa vitið, að vilja flytja á hjara veraldar. Ég hafði þá dvalið hér í sumarleyfi mínu, kynnt mér starfssemi á sjúkrahúsum og kannað ýmsar leiðir. Eitt sinn var ég stödd á skrifstofu Loftleiða, á Kennedy flugvelli og var að undirbúa fyrstu ferð mín hingað að vetri til og var pínulítið kvíðin fyrir skammdeginu. Ég sagði starfsfólkinu að mig langaði á stefnumót við viking. Viti menn, þá gengur inn á skrifstofuna maður að nafni Einar Knútsson og allir hrópuðu: „Þarna er vikingur fyrir þig“! Til að gera langa sögu stutta þá giftum við Einar okkur ári síðar og höfum verið í hjónabandi síðan. Við eigum tvö stálpuð börn, dreng og stúlku, sem sagt fullkomin fjölskylda, segir Hope.

Athafnagleði

Hope er kunn fyrir ötult starf að ýmsum málefnum. Hún kys að vinna með fólki og hrinda hugmyndum í framkvæmd. Það er kannski ekki tilviljun að leiðin lá í iðjupjálfunarnámið.

– Ég starfaði sem aðstoðarfélagsráðgjafi á göngudeild fyrir geðsjúka í New York áður en ég fór í framhaldsnámið. Til að byrja með

hafði ég áhuga á geðlæknisfræði en fannst það of langt nám og leiddi einnig hugann að sálarfræði. Þegar ég byrjaði að vinna sem félagsráðgjafi, truflaði það mig að hafa skrifborðið milli mín og skjólstæðingsins og vera sífellt að vinna með fólki í gegnum viðtöl. Á göngudeildinni, þar sem ég starfaði kynntist ég því hvernig iðjupjálfar vinna og hreifst strax af því. Þannig vildi ég vinna með fólki, nýta athafnir og framkvæma.

Áhugamál mín eru mýmörg. Ég er „félagsmálafrík“ og er núna formaður í þremur félögum. Auk formennsku í IPÍ er ég formaður Siðmenntar, en það er félag áhuga-fólks um borgaralegar athafnir, og formaður Félags nýrra Íslendinga, en það er félags-skapur fyrir enskumælandi útlendinga og eru meðlimir þess frá 20 löndum. Margir spyrja hvort þetta sé félag fyrir nýfædd börn! Ég gegndi einnig formennsku í Geðhjálp, á árunum 1981-1986 og tók þátt í uppbyggingu þeirra samtaka. Tónlistariðkun skipar stóran sess í lífi mínu og lærði ég ung að leika á hljóðfæri. Ég byrjaði að spila á píano við þriggja ára aldur. Ég lærði á gítar þegar ég var átta ára og fiðlu þegar ég var ellefu ára en hef lítið spilað á hana síðan. Ég var í símfóníuhljómsveit á gagnfræðaskóla árunum. Mikill tími fer í lestur, en ég er áskrifandi að 25 tímaritum af ýmsu tagi. Oft er ég að lesa 10 bækur í einu, mörgum finnst það eilítið ruglandi, segir Hope og brosir við.

Upphafið

IPÍ var stofnað árið 1976 og voru félagsmenn þá einungis tíu talsins. Félagið er í dag fagstéttarfélag og hefur vaxið nokkuð og dafnað þann tíma sem að baki er.

– Reyndar hófst starfsemin þegar í febrúar 1975. Átta iðjupjálfar komu saman og af þeim voru fimm útlendir. Þeir voru frá

Þýskalandi, Danmörku, Bandaríkjunum, Noregi og á fyrsta starfsárinu bættist Filippseyingur í hópinn. Við tókum ákvörðun um að stofna félag. Fyrsta verkefnið var að finna starfsheiti, nafn á félagið og semja lög. Fundir okkar fóru fram á mörgum tungumálum í einu, nokkuð fjörugt á að hlusta og líklega var það þess vegna sem það tók okkur heilt ár að semja lög fyrir félagið. Við lagasmíðina var stuðst við lög iðjubjálfafélaga á Norðurlöndum, lög WFOT sem er heimssamband iðjubjálfa, lög sjúkrabjálfa og læknafélagsins. Á stofnfundinn voru mættir tíu iðjubjálfar. Síðan þá hefur okkur fjölgað í 84 félagsmenn.

Á upphafsárunum vorum við í Bandalagi starfsmanna ríkis og bæja (BSRB) en fluttum okkur í BHM-R árið 1984. Við töldum mikilvægt fyrir Iðjubjálfafélag Íslands að vera í breiðu samstarfi með öðrum háskólamönnum. Það vó einnig þungt að hér var ekki námsbraut í iðjubjálfun og því þurfti að undirstrika menntun okkar sérstaklega, kannski meira en annarra heilbrigðisstétta. Ég held að þetta hafi einnig skipt miklu máli fyrir kjarabaráttu okkar gegnum árin, segir Hope.

Viðurkenning

Fyrstu árin var ráðist í margvísleg verkefni, stór sem smá. Auk virkrar þátttöku á alþjóðlegum vettvangi iðjubjálfa, öðlaðist starfsgreinin löggildingu sem heilbrigðisstétt á Íslandi. Þörfin fyrir menntaða iðjubjálfa var mikil.

– Eitt af fyrstu markmiðum félagsins var að fá aðild að WFOT, heimssambandi iðjubjálfa. Hana fengum við á stofnárinu, en þó ekki fulla aðild og þar af leiðandi hafði félagið ekki atkvæðisrétt. Annað mikilvægt verkefni var að fá löggildingu. Við tókum eftir því að í sumum löndum, þar sem löng hefð var fyrir iðjubjálfun var starfsgreinin



Hope, snemma á áttunda áratugnum, stödd í New York með Atlantshafið í baksýn.

ekki löggild. Slíkt mátti ekki gerast á Íslandi og því sóttum við um löggildingu sem gekk í gegn í desember 1977. Þetta var mikilvægur áfangi, þar sem markmiðið var að námsbraut yrði stofnuð hér á landi innan tíðar. Kynning á starfsgreininni var eitt af aðal viðfangsefnum fyrstu tíu árin. Það var meira að segja gerð könnun á þörf fyrir iðjubjálfa þegar á árunum 1976-7. Fréttabréf var einnig sett á laggirnar á stofnárinu, sem seinna varð fagblað IPÍ og hét á þeim tíma Blað-ið. Við létum prenta hinn alkunna fjólubláa bækling og til gamans má geta þess að sá bæklingur var endurskrifaður alla vega 12 sinnum. Í hvert sinn sem hann var lesinn yfir á vinnustöðunum þurfti að breyta einhverju. Segið svo að iðjubjálfar séu með fullkominaráráttu! Hin síðustu ár hafa farið í að styrkja innviði IPÍ. Við vildum verða „alvörufélag“ og ég tel að þeim áfanga sé að hluta til náð í dag. Önnur

helstu baráttumál voru þau að hið opinbera greiddi fyrir göngudeildarþjónustu iðjuþjálfra, skólamál og útbreiðsla iðjuþjálfunar sem starfsgreinar, segir Hope.

Erlent samstarf

Iðjuþjálfafélag Íslands er aðili að ýmsum alþjóðlegum samtökum iðjuþjálfra og þar skipar norrænt samstarf stóran sess. Nýjasta verkefnið er Scandinavian Journal of Occupational Therapy en áskrifendur þess eru um allan heim.

– Nú, næsta stóra markmið okkar var að verða fullgildir meðlimir í WFOT þannig að við fengjum atkvæðisrétt á þeim vettvangi. Sú hindrun var þó í veginum, að til þess að öðlast fullgildingu varð að vera skóli í landinu sem menntaði og útskrifaði iðjuþjálfra. Í lögum WFOT nefndist það „Educational programme“. Þannig höfðu Íslendingar tækifæri til að nema iðjuþjálfun á hinum Norðurlöndunum.

ÍPÍ fékk því fulla aðild að WFOT árið 1986. Þar sem hvert land í heimssambandinu hefur eitt atkvæði, þá höfum við jafnmikil áhrif og Bandaríkin. Þetta var merkur áfangi.

Norrænt samstarf hófst 1981, með því að haldið var Nordisk seminar hér á landi. Formannafundur norrænu félaganna hafa verið fastir liðir árlega síðan og formennirnir þekkjast mjög vel. Það er gagnlegt fyrir mig að hitta aðra sem eru í sömu stöðu og ég. Þess má til gamans geta að sænski formaðurinn hefur verið lengur í formannssætinu en ég. ÍPÍ hefur verið í WFOT síðan félagið var stofnað 1976. Ég var fréttastjóri fyrir WFOT blaðið í 15 ár. Tilgangurinn með aðild að heimssambandinu, á sínum tíma var að gera íslenska iðjuþjálfra sýnilegri og að vera virkt fagfélag á alþjóðlegum vettvangi. Auk þess var mikilvægt að fá alþjóðlegan stuðning til að byggja upp menntun iðjuþjálfra hér á landi og þróa starfsgreinina sem slíka.

Við erum einnig meðlimir í COTEC sem er evrópusamband iðjuþjálfra og var stofnað fyrir tíu árum síðan. Okkur berast ógrynnin öll af ýmsum fréttum og upplýsingum frá COTEC og höfum þannig gott tækifæri til að fylgjast með því sem er að gerast á vettvangi evrópskra iðjuþjálfra. Rödd okkar heyrir því víða þrátt fyrir smæð félagsins. Ísland vekur athygli og það þykir mjög spennandi að vera frá eyjunni í norðri. Nýjasta alþjóðlega verkefnið, sem við erum aðilar að, er SJOT (Scandinavian Journal of Occupational Therapy). Það er vísindatímarit og þar erum við á blaði ásamt hinum norrænu þjóðunum. Einn ritstjóri er skipaður í hverju landi en áskrifendur alls staðar frá í heiminum. Snæfríður Þóra Egilson er ritstjóri okkar núna, segir Hope.

Námsbraut

Baráttan fyrir námsbraut hefur verið sett á oddinn alla tíð og þar kom Hope við sögu þegar frá upphafi.

– Baráttan hófst í raun áður en félagið var stofnað. Áður en ég flutti til Íslands árið 1974 hafði ég undirbúið mig í nokkur ár til að kenna hér iðjuþjálfun. Ég hóf að kenna við Colombia University og samhliða því leitaði ég upplýsinga hjá WFOT um hvernig ætti að setja upp námsbraut. Ég safnaði einnig reynslusögum frá skólum í litlum löndum eins og í Ísrael og Finnlandi og hélt þessu til haga þar sem ég hélt að nám í iðjuþjálfun myndi hefjast hér skömmu eftir að ég fluttist til Íslands, alla vega innan fimm ára. Síðan eru 23 ár liðin og nú er námið loks í auglýsni. Það hefur lengi verið áhugi fyrir stofnun námsbrautar og það var gert ráð fyrir henni um það leyti sem námsbraut í sjúkraþjálfun var sett á laggirnar eða árið 1976. Í þá daga voru sjúkraþjálfarar hér 48 en aðeins tíu iðjuþjálfar. Skólanefnd eða bar-

áttuhópur innan IPÍ hefur því verið starfandi næstum frá upphafi. Á aðalfundi félagsins, í mars síðast liðnum var samþykkt að ganga til samstarfs við Háskólann á Akureyri og hefur verið ákveðið að þar verði sett á stofn námsbraut í iðjuþjálfun. Undirbúningur er í fullum gangi þessa dagana. Töluverður hópur af fólki hefur þegar skráð sig og ég fæ símhringingar næstum daglega núna, þar sem áhugasamir eru að afla sér upplýsinga um væntanlega námsbraut. Það eru svo sannarlega spennandi tímar fram undan, segir Hope.

Framtíðarsýn

Það er víðar en á Íslandi að iðjuþjálfar vantar til starfa. Erlendis er iðjuþjálfun einnig tiltölulega ung starfsgrein ef miðað er við aðrar hefðbundnar heilbrigðisgreinar.

– Starfsvettvangur iðjuþjálfar hérlandis hefur, að mínu mati breyst of lítið þessi tuttugu ár sem liðin eru frá stofnun IPÍ, þó nú virðist sem breytingar séu í nánd. Ísland er á eftir á þessu sviði, aðallega vegna þess að of lítið framboð hefur verið á iðjuþjálfum. Þeir sem hér starfa, anna engann veginn þeirri eftirspurn sem er á iðjuþjálfun. Ástæðan er auðvitað sú að hér er ekki starfræktur skóli fyrir iðjuþjálfar. Þetta er einnig á vissan hátt eðlilegt þar sem iðjuþjálfun er tiltölulega ung starfsgrein. Hluti af skýringunni hlýtur líka að vera sá að laun iðjuþjálfar eru lág og það er ekki hvetjandi fyrir ungt fólk. Það er mikil þörf á iðjuþjálfum í heilsugæslunni, í skólakerfinu og það þarf að efla þátt forvarna í samfélaginu í heild svo dæmi séu nefnd. Útskrifaðir iðjuþjálfar sem skila sér heim til Íslands anna ekki þeirri þörf sem fyrir er. Ég hef ekki tölur yfir þá sem stunda nám í iðjuþjálfun erlendis. Það er afar erfitt fyrir okkur að fylgjast með hve margir eru í námi hverju sinni, nema að fólk láti vita af

sér.

Það vantar iðjuþjálfar víðar en hér, til dæmis í Bandaríkjunum er iðjuþjálfun ein af tíu mest vaxandi starfsgreinum. Þörfin fyrir iðjuþjálfar er alltaf í umræðunni á fulltrúaþingum WFOT. Talað er um að sum stærri lönd, eins og Bandaríkin séu að fá til starfa iðjuþjálfar frá öðrum löndum og auglýsa gull og græna skóga í því skyni.

Eftir því sem iðjuþjálfum fjölgar þá verður um við öflugra fagstéttarfélag og færari til þess að taka að okkur æ fjölbreyttari verkefni og tryggja okkur í sessi meðal heilbrigðisstétta á Íslandi. Við þurfum að vera vakandi fyrir nýjum tækifærum og óhrædd við að taka frumkvæði á þeim sviðum þar sem sérþekking okkar kemur að gagni. Nú, þegar námsbraut í iðjuþjálfun er í augnsýn verður sú framtíðarsýn raunhæfari að hér mun verða starfandi vaxandi hópur vel menntaðra iðjuþjálfar sem mun vinna að heill og heilsu þjóðarinnar og láta til sín taka á sem breiðustum vettvangi, segir Hope að lokum.

Dóra Leósdóttir –Sigríður Gísladóttir



**Heyrnar- og talmeinaföð
Íslands**

Háaleitisbraut 1 • 105 Reykjavík

Kristjana Ólafsdóttir iðjupjálfi:

Iðjupjálfun í leikskólum



Fyrir tæplega tveimur áum síðan hafði ég samband við leikskóla-fulltrúa og leikskólaráðgjafa Kópavogsbæjar, þar sem ég kynnti fyrir

þeim hvernig iðjupjálfun gæti nýst í starfi með börnum. Hafði ég sérstaklega í huga leikskólabörn með sérþarfir. Iðjupjálfar voru á þeim tíma ekki sú stétt sem þær sáu fyrir sér að ætti erindi innan leikskólanna. Margt hefur nú breyst síðan þetta var og með því að vera stöðugt að minna á mig og útskýra hvað ég gæti gert, var að lokum haft samband. Í nóvember síðastliðnum var ég svo ráðin sem ráðgefandi iðjupjálfi í um það bil 20% stöðu. Var þetta verktakasamningur sem gildi fram til jóla en með möguleika á framlengingu.

Þar sem ég er ráðin hjá fræðslu- og menningarsviði Kópavogsbæjar er starf mitt eingöngu hugsað sem ráðgjöf og fræðsla fyrir leikskólakennara. Það felst í því að leikskólaráðgjafi hefur samband og biður mig að skoða eða jafnvel prófa þau börn sem leikskólakennararnir hafa áhyggjur af.

Þau matstæki sem ég nota eru MAP þroskaprófið (Miller Assessment for Preschoolers) og sænskt fínhyfimat (Finnmotorisk utvecklingsstatus 1-7 ár). MAP er bandarískt próf sem ætlað er til að greina börn sem víkja frá eðlilegum þroska og líkur eru á að komi til með að eiga í erfiðleikum í skóla vegna þess. Það er hugsað fyrir aldursþópum frá 2,9–5,8 ára og nær til fimm prófþátta: Grunnþátta skynjunar og hreyfinga, samhæfingar skynjunar og hreyfinga, málþátta, sjónrænna þátta og hæfni til að samtvinna ólíka þroskætti eins og skipulag og framkvæmd.

Prófið er staðalbundið og svo vel ber við að gerð hefur verið samanburðarrannsókn (Snæfríður Þ. Egilson, 1994) þar sem frammistaða íslenskra barna, í þremur efstu aldursþópunum er borin saman við samsvarendi hópa í bandaríska stöðlunarúrtakinu og auðveldar það túlkun á ýmsum prófþáttum. Sænska fínhyfimatíð er markbundið þroskamat sem gefur aldursviðmið

fyrir færni í fínhreyfingum. Skoðuð er handbeiting, samhfæing sjónar og handa sem og frammistaða við algeng verkefni eins og að teikna, klippa, byggja úr kubbum, þræða perlur, hneppa og hnýa. Auk þessa geri ég almennar klínískar athuganir þar sem ég skoða líkamsbeitingu, setstöðu, einbeitingu og úthald.

Út frá ofangreindum prófunum fæ ég nokkuð góða mynd af færni barnanna og frammistöðu þeirra við mismunandi hreyfiathafnir. Ég geri svo skýrslur og tillögur að æfingum sem leikskólinn fær. Er þetta því fyrst og fremst hugsað sem stuðningur og ráðgjöf við leikskólana. Síðan er það í höndum viðkomandi leikskólakennara að upplýsa foreldra um niðurstöður mínar. Eftir áramót hef ég í meira mæli farið að líta á þau börn sem ekki eru með stuðning í leikskólanum, en eiga í erfiðleikum. Einnig er ég farin að líta á ytri aðstæður, svo sem vinnustellingar og vinnuaðstöðu starfsfólks og barna. Nokkrum sinnum hef ég komið inn á leikskólann og leiðbeint starfsfólki um hvernig best er að vinna með þau börn sem eiga í erfiðleikum. Ætla ég svo að koma aftur og sjá hvernig hefur gengið og hvort breyta eigi áherslum eða halda áfram á sömu braut.

Þegar ég byrjaði í þessu starfi þá vissi ég

að það voru mörg börn inni á leikskólum sem ættu í erfiðleikum. Það kom mér samt á óvart hversu mörg þau voru og hversu erfitt leikskólakennarar eiga með að fá úthlutað stuðningstímum fyrir þau börn sem þeir hafa áhyggjur af. Börn með sérþarfir fá æ minni stuðning og gerir það alla vinnu með þau erfiðari í framkvæmd. Þeir leikskólakennarar sem ég hef átt samstarf við eru mjög ánægðir með að hafa fengið iðjuþjálfna til liðs við sig og alls staðar hefur verið tekið afar vel á móti mér.

Starf mitt hefur þróast þannig, að ég starfa ennþá sem verktaki alla vega fram í maí n.k. Mér líkar mjög vel að vinna inni á leikskólunum. Ég sé fyrir mér mikla möguleika og mikilvægi þess að nota tímann sem best, þannig að börn með sérþarfir séu eins vel undirbúin fyrir skólagöngu og kostur er.

Þannig er hægt að hugsa sér iðjuþjálfna í hálfu stöðugildi sem færi á milli leikskóla, veitti ráðgjöf og setti af stað þjálfunaráætlun, eftir að hafa prófað viðkomandi barn. Leikskólakennari tæki svo við þjálfun undir handleiðslu iðjuþjálfans. Þjálfunaráætlun yrði síðan endurskoðuð þegar þörf væri á, í náninni samvinnu við þann leikskólakennara sem hefur umsjón með viðkomandi barni. Vonandi verður það að veruleika innan tíðar.

MJÓLK ER GÓÐ

Oddrún Lilja Birgisdóttir, iðjupjálfi

Sauðárkróks-bæjar-iðjupjálfi

Hér á Sauðárkróki er ýmislegt um að vera og nóg af verkefnum. Í haust var ég ráðin hjá Sauðárkróksbæ í 30% stöðu, til að kanna félagsstarf aldraðra og vinna úr þeim upplýsingum. Það verkefni var samstarf milli Sauðárkróks og Skagafjarðar.

Niðurstaða könnunarinnar var sú, að Félag eldri borgara á staðnum er með öflugt félagsstarf í gangi, en vöntun var á fleiri tilboðum fyrir íbúa dvalarheimilisins. Í framhaldi af þessu var sett upp tómstunda- aðstaða á dvalarheimilinu, sem í augnablikinu er notuð einu sinni í viku og þá eingöngu af íbúum dvalarheimilisins. Til að blanda betur saman

eldri borgurum staðarins og reyna að eyða fordómum gagnvart íbúum dvalarheimilins eru haldin opin hús einu sinni í mánuði. Á opnu húsi eru haldnir fræðandi fyrirlestrar, dansað, sungið og drukkið kaffi. Mitt hlutverk er að skipuleggja og samhæfa, finna passandi fyrirlestra, fyrirlesara o.s. frv.

Rétt fyrir jólin byrjaði ég svo með handleiðslu fyrir fólk sem starfar við liðveislur. Þar er ég bæði með hóp- og einkahandleiðslu. Til stuðnings starfsfólki og skjólstaðingum þeirra hef ég hitt þá heima hjá skjólstaðingunum, þar farið í gegnum ADL og athugað hvort hægt sé að bæta eða breyta. Áformað er að ég geti þjálfað inni á heimilinum í framhaldi af endurhæfingu.



Skjólstaðingarnir eru margir hverjir staðnaðir, eru jafnvel með hjálpartæki sem þeir geyma inni í skáp vegna þess að þeir muna ekki hvernig á að nota þau eða æfingaverkefni sem þeir eru búnir að gleyma hvernig

þeir eigi að gera rétt. Þau eru óteljandi verkefni á þessu sviði og mikil þörf á að skapa eðlilegt framhald frá stofnun til heimilis.

Í augnablikinu er ég rétt að byrja á verkefni í sambandi við atvinnuleysið hér á staðnum. Atvinnuleysi er töluvert eða um 120-130 manns, en hér búa í kringum 2.800 manns. Við, það er Sauðárkróksbær, Norðurlandsdeild Rauða kross Íslands og verkalyðs-

félögin á staðnum, erum að reyna að koma upp ráðgjafar- og félagsmiðstöð fyrir fólk í atvinnuleit. Þetta átaksverkefni er alveg í grunnsporunum og erum við m. a. enn að leita að húsnaði sem hentar og sækja um fjármagn hingað og þangað. Svipaða miðstöðvar hafa verið settar upp víðsvegar um landið með misgóðum árangri.

Ég er í 55% starfi og býst við að auka við mig með haustinu. Þetta er frumkvöðulsstarf og oft erfitt að átta sig á hvar faglegu mörkin eru, sérstaklega þegar maður er svona einn. Ég hef þó einn iðjupjálfa hér á Svæðisskrifstofu Norðurlands Vestra að styðjast við og er það mikil hjálp.

Jóhanna Rósa Kolbeins iðjubjálfi

Starf iðjubjálfa í öldrunarteymi

Inngangur

Að vinna með öldruðum er mun fjölbreyttara en marga grunar, þar sem allir kvillar milli himins og jarðar komast á blað. Það er einnig gefandi starf. Það skemmtilegasta af öllu er hversu mikil áhrif starfið hefur á mig sem persónu. Þegar ég útskrifaðist sem iðjubjálfi fyrir tæpum þremur árum ætlaði ég ALDREI að starfa á öldrunarsviði! Svo leiddi eitt af öðru og ég ákvað að prófa. Öldrunarlækningadeild Landspítalans í Hátúni varð fyrir valinu og líkaði mér vel. Miklar breytingar á öldrunarþjónustu í Reykjavík hafa staðið yfir og þegar ljóst var að minn gamli vinnustaður myndi flytja á Landakot með tilheyrandi breytingum fór ég að hugsa málið. Í janúar tók ég svo til starfa í öldrunarteyminu á Landspítalanum. Þegar mér bauðst þetta má segja að einhver ævintýraþrá hafi leitt mig út í þetta ómótaða starf á Öldrunarmatsdeild Landspítalans. Mannskepnan er nú einu sinni þannig gerð að því meiri kröfur sem umhverfið gerir, því meira fær maður til baka.



Öldrunarteymið

Á Landspítalanum er nú starfandi öldrunarteymi og hefur verið starfandi í núverandi mynd síðan í apríl 1996.

Öldrunarteymi er þverfaglegur vinnuhópur, sem vinnur ráðgefandi að úrlausn þeirra vandamála sem einkenna sjúkdómsferil hins aldraða sjúklings. Hlutverk teymisins er einnig að undirbúa einstaklinginn sem best undir útskrift svo að endurinnlögnum fækki og veita einstaklingnum þann stuðning sem þörf er á. Að finna úrræði fyrir þá sem ekki geta úrskrifast aftur heim og að

sinna einstaklingum í heimahúsum til að koma í veg fyrir innlögn.

Öldrunarteymið skipa:

- 2 öldrunarlæknar, hvor í 100% starfi.
- 2 félagsráðgjafar, hvor í 80% starfi.
- 2 hjúkrunarfræðingar, þ.e. öldrunarhjúkrunarfræðingur í 60% starfi og hjúkrunarfræðingur sem einnig er djákni í 40% starfi.
- 1 sjúkraþjálfari í 80% starfi.
- 1 iðjubjálfi í 100% starfi.

Öldrunarteymið vinnur, eða réttara sagt kemur til með að vinna inni á *öldrunarmatsdeild*. Enn sem komið er, er öldrunarmatsdeildin deild án veggja. Sjúklingarnir sem teymið sinnir eru inni á hinum ýmsu deildum sjúkráðsins allt eftir innlagnarsök. Þess ber að geta að nú þegar er kominn vísir að öldrunarmatsdeild inni á taugalækningadeild (sem er ekki í aðalbyggingu spítalans) þar sem sex rúm eru eyrnamerkt öldrunarmatsdeildinni. Með vorinu er stefnt að opnun 10 rúma deildar inni á sjálfu sjúkrahúsinu. Eins og staðan er í dag fer mikill tími í hlaup á milli deilda. Einnig er mikill fjöldi starfsfólks sem við þurfum að vera í tengslum við vegna sjúklinganna.

Í framtíðinni er stefnt að opnun 20 rúma öldrunarmatsdeildar og verður þá öll starfsemin á sama stað. Verður þá markmið deildarinnar að aldraðir (67 ára og eldri) einstaklingar sem leggjast inn á sjúkrahúsið með fjölpætt vandamál, komi þar inn til mats og endurhæfingar. Á bráðadeildum eru sjúklingar, yfirleitt útskrifaðir strax og vandamálið sem lá til grundvallar innlögninni er leyst. Með tilkomu öldrunarmatsdeildar er hægt að sinna þessum einstaklingum betur en áður hefur verið gert. Þannig er kannað hvert vandamálið er, sem í raun olli innlögninni.

Sem dæmi má nefna sjúkling sem datt og braut sig. Vandamálið er ekki endilega leyst þó beinið sé gróið. Athuga þarf hvers vegna hann datt? Gleymdi hann lyfjunum? Kannski gleyminn? Byrjandi glöp? Svimi?

Annað dæmi er sjúklingur með elliglöp sem kemur inn vegna almenns slappleika. Eftir nokkra daga á sjúkrahúsi er hann hressari og er sendur heim. Sagan endurtekur sig æ ofan í æ. Raunveruleg ástæða gæti verið sú að sjúklingurinn ræður ekki lengur við aðstæður sínar og gleymir meðal annars að taka lyfin.

Öldrunarteymið hefur það hlutverk að kafa dýpra, hver fagaðili á sínu sviði. Þannig er gert *heildrænt* mat á einstaklingnum, aðstæðum og möguleikum hans. Allir fagaðilar teymisins hafa reynslu á sviði öldrunarmála.

Hlutverk hvers og eins innan öldrunarteymisins:

Læknir: Gerir lækisfræðilegt mat á ástandi einstaklings, sjúkdómum og lyfjum. Kemur á jafnvægi milli þessara þátta. Samskipti við aðstandendur vega oft þungt í starfi læknis.

Hjúkrunarfræðingur: Metur hjúkrunarþörf, útegar þá aðstoð sem með þarf. Veitir fræðslu og ráðgjöf um hjúkrun aldraðra. Kannar hvort einstaklingurinn er fær um að sinna lyfjatiltekt.

Félagsráðgjafi: Veitir ráðgjöf og stuðning við lausn á félagslegum og tilfinningalegum vanda sem upp kann að koma í kjölfar veikinda. Samræmir þjónustu félags- og heilbrigðiskerfisins. Gætir að fjármálum, sem eru oft í ólestri hjá öldruðum.

Sjúkraþjálfari: Metur og þjálfar hreyfigetu, styrk og jafnvægi. Veitir auk þess ýmis konar verkjameðferð s.s. bakstra.

Iðjuþjálfari: ADL-mat og þjálfun. Heimilisathugun og hjálpartækjaþörf metin. Umsóknir um hjálpartæki. Mat á vitrænni starfsemi og glöpum.

Hver og einn innan teymisins getur verið í sambandi við aðstandendur, allt eftir aðstæðum hverju sinni. Það er óumflýjanlegt að starfsvið fagaðilanna skarist alltaf eitthvað, en með reglulegum teymisfundum og góðri samvinnu gengur þetta allt upp. Saman gera fagaðilarnir raunhæfa áætlun í samráði við sjúklinginn og aðstandendur hans. Tekið er fullt tillit til óska og þarfa einstak-

lingsins og aðstandenda hans. Sett eru markmið sem eru endurskoðuð eftir þörfum. Þeir möguleikar sem bjóðast eru skoðaðir og hvert er heppilegast að útskrifa sjúklinginn. Einn möguleiki er að hann útskrifist heim eða í fyrri búsetu. Annar möguleiki er áframhaldandi endurhæfing annars staðar t.d. á Landakot eða dagspítala. Þriðji möguleikinn er útskrift beint á hjúkrunarheimili.

Sem iðjupjálfi geri ég ADL-mat hjá þeim sjúklingum sem þess þarfnast. Af hagnýtum ástæðum nota ég Barthel ADL-index (sjá 1. mynd). Skýringin er sú að Barthel kvarðinn er þekktur hér meðal starfsfólks og það á því auðvelt með að skilja niðurstöðurnar.

Sjúklingurinn fær ákveðna einkunn sem segir til um hjúkrunarþörf hans Til að fylla út kvarðann þarf iðjupjálfi að gera mat á færni einstaklingsins til eigin umsjár. Auk þess eru skráðir þættir eins og göngugeta, (gert í samráði við sjúkráðgjafara) og stjórnun á þvagi og hægðum, (í samráði við hjúkrunarfræðing á viðkomandi deild). Þó eflaust meggi deila um gæði kvarðans og gildi einkunnagjafar er það ljóst að þetta er aðgengilegt plagg fyrir aðra sem tengjast sjúklingnum. Með því að láta „einkunnablaðið“ fylgja skýrslu sjúklingsins geta þeir sem hafa umsjón með aðhlynningu einstaklingsins fengið skýrar upplýsingar um hvers hann er megnugur og til hvers er hægt að ætlast af honum. Þarna kemur Barthel- skaliinn að góðum notum. Í öldrunarteyminu er sá háttur hafður á að einhver úr teyminu situr deildarfundum og miðlar svo upplýsingum til annara í teyminu.

ADL-mat er gert eins fljótt og auðið er eftir að sjúklingurinn leggst inn. Í beinu framhaldi er gerð áætlun um ADL-þjálfun og ákveðin markmið sett upp.

Iðjupjálfi situr fjölskyldufundi skjólstæð-

inga sinna eftir því sem þurfa þykir. Þar eru lagðar línurnar um endurhæfingu, væntanlega útskrift og önnur þau mál sem máli skifta fyrir sjúklinginn og meðferð hans. Ótrúlegustu vandamál geta leyst nánast af sjálfu sér á slíkum fundum, því oft hefur safnast fyrir í fjölskyldunni hræðsla og öryggi sem fræðslan eyðir. Þegar málin eru rædd og aðstandendum gerð grein fyrir hver raunveruleg staða einstaklingsins er, bæði andlega, líkamlega og félagslega og hvaða aðstoð er hægt að fá, þá andar fólk yfirleitt léttar. Í flestum tilvikum er hægt að komast að niðurstöðu sem allir eru sáttir við.

Iðjupjálfi gerir heimilisathugun þegar stytast fer í útskrift hjá sjúklingnum. Oft er farið í samvinnu við einhvern annan í teyminu, eftir því hvaða vandamál eru fyrir hendi. Oftast fer sjúklingurinn með en þó ekki alltaf. Það hefur gefið góða raun að „fylgja“ sjúklingunum heim, þ.e. gera heimilisathugun um leið og hann útskrifast. Þá er hjálpartækjaþörfin metin og í framhaldi af því sótt um það sem þörf er á. Í heimilisathugun fer oft drjúgur tími í að leiðbeina aðstandendum hversu mikið og hvernig á að aðstoða sjúklinginn. Oft vill það verða svo að fólk er komið í fast mynstur og einstaklingurinn hættur að gera þá hluti sem hann í raun getur gert. Með góðu samstarfi við fjölskylduna gefst möguleiki á að brjóta upp þetta þjónustumynstur og efla samhjálp. Með góðum leiðbeiningum er hægt að auðvelda lífið fyrir fjölskylduna þar sem veiki aðilinn eflist og hinn friski (frískari) lærir að hvetja meira og þjóna minna. Mikilvægt er að gefa sér góðan tíma fyrir þessa fræðslu.

Í endurhæfingu hins aldraða er lögð áhersla á að sporna við afturför jafnframt því sem einstaklingurinn fær þjálfun þannig að



Barthel ADL Index: 0-100.

LANDSPÍTALINN
 Endurhæfingardeild

IÐJUPJÁLFUN

Deild	X	Persónuatriði sjúklings	X
Sjúkdómsgreining	Parkinson		
Iðjupjafi	Jóhanna Rósa Kolbeins		

Dags.	23.1.1997
MATUR	☐ Ófær með öllu sj. mataður ☐ Mikil hjálp, getur notað skeið/gaffal ☐ Borðar sjálfur, eftirlit ☒ Borðar sjálfur framlagðan mat ☐ Sjálfbjarga
GÖNGUGETA Í STIGA	☒ Ófær með öllu ☐ Mikil hjálp við allt ☐ Gengur sjálfur, aðstoð/ eftirlit ☐ Stundum eftirlit til öryggis ☐ Sjálfbjarga
HÆGÐIR	☐ Inkontinent ☐ Mikil hjálp við allt ☐ Oft slys ☐ Stöku slys 1/v. ☒ Kontinent
GÖNGUGETA	☐ Ófær með öllu ☐ Mikil hjálp, oftast tveir ☐ Talsverð hjálp ☒ Gengur einn stundum eftirlit ☐ Sjálfbjarga
SNYRTING	☐ Ófær með öllu ☐ Mikil hjálp við allt ☐ Talsverð hjálp ☒ Minnih. aðstoð á undan og eftir ☐ Sjálfbjarga
SALERNISFERÐIR	☐ Ófær með öllu ☐ Mikil hjálp við allt ☐ Hjálp m. klæðnað, flutn. e. þvott ☒ Eftirlit til öryggis ☐ Sjálfbjarga
PVAG	☐ Inkontinent, notar þvaglegg ☐ Inkontinent, aðstoðar sjálfur ☒ Ekki þurr á nóttunni ☐ Stöku slys 1/v. ☐ Kontinent
FLUTNINGUR Í HJÓLASTÓL	☐ Ófær með öllu ☐ Mikil hjálp, keyrir stuttan spöl ☐ Stöðug aðstoð ☐ Keyrir sjálfur, stundum aðstoð ☐ Sjálfbjarga
BÓÐUN	☐ Ófær með öllu ☐ Mikil hjálp við allt ☒ Aðstoð við flutn. eða þvott ☐ Eftirlit til öryggis ☐ Sjálfbjarga
KLÆDNADUR	☐ Ófær með öllu ☐ Mikil hjálp við allt ☐ Talsverð hjálp ☒ Minnih. aðstoð eða eftirlit ☐ Sjálfbjarga
FLUTNINGUR ÚR RÚML STÓL	☐ Ófær, tveir til aðstoðar ☐ Mikil hjálp, einn til aðstoðar ☐ Talsverð hjálp við allt ☒ Eftirlit til öryggis ☐ Sjálfbjarga
Samtals stig:	70 0-20: Algerlega háður öðrum 21-60: Þung umönnun 61-90: Að miklu leyti sjálfbjarga 91-100: Þarf mjög litla aðstoð

SAMANTEKT-ATHUGASEMDIR

Er samvinnuþíður. Hann er mjög hægur en virðist skýr. ADL tekur langan tíma ca. 45 mín. Segir vera dagamun á eigin getu, í dag gengur þó ágætlega. Fer sjáfur í úr sokkum og skóm. Á í vandræðum með að hneppa hnöppum. Á til að missa þvag vegna þess hve hægur hann er. Jafnvægi lélegt fyrst eftir að hann stendur upp. Notar griptöng.

